

Fyrsti fundur umhverfisnefndar Hvolsskóla var haldinn þriðjudaginn 17. október kl 12:40. Á fundinn voru mættir allir fulltrúar nemenda, Þormar fyrir 1. bekk, Natalía fyrir 2. bekk, Daníel fyrir 3. bekk, Leon Logi fyrir 4. bekk, Bergrún Linda fyrir 5. bekk, Eyþór fyrir 6. bekk, Fanney fyrir 7. bekk, Hermann Sveinn fyrir 8. bekk, Hlín fyrir 9. bekk og Lovísa fyrir 10. bekk. Fulltrúi starfsmanna Þórunn, fulltrúi kennara Gyða, fulltrúi skólastjórnenda Unnar Þór og umsjónarmaður með verkefninu Ragnheiður. Fulltrúi foreldra, Ragnheiður Jónsdóttir Vestra-Fíflholti hafði ekki tæk á að mæta á fundinn. Ritari fundarins var Hlín.

Fundurinn ákvað að fyrstu verkefni skólans í átt að grænfána væru að hvetja fólk til þess að:

- . spara pappír
- . spara rafmagn
- . láta vatnið ekki renna að óþörfu
- . koma upp döllum í allar stofur fyrir lífrænan úrgang
- . koma upp gámum á öllum stigum skólans og einnig hjá kennurum

Var ákveðið að setja upp spjöld við alla kveikjara/slökkvara í skólanum þar sem fólk er hvatt til þess að slökkva ljósin þegar það yfirgefur stofur, salerni og alla helstu hluta skólans. Einnig var ákveðið að koma upp spjöldum við alla prentara og ljósritunarvélar þar sem fólk er hvatt til þess að spara pappírinn og ljósrita báðum megin. Einng skyldi setja upp spjöld við vaska þar sem fólk væri bent á að láta vatnið ekki renna að óþörfu. Í lokin var ákveðið að hefja flokkun sorps við fyrsta tækifæri og koma upp í stofum döllum til að gera það mögulegt og moltukössum við skóla.

Var fundi slitið kl. 13:10 og ákveðið að kalla fljótlega til annars fundar.